

PFAFF
Perfection starts here.™



passport™ 2.0

Leiðarvísir

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennisþjaldinu.

Öryggisatriði

- Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem hafa ekki til þess kunnáttu eða reynslu, nema að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.
- Hafa ætti eftirlit með börnum til að tryggja að þau leiki sér ekki að saumavélinni.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni («0») þegar unnið er nálægt nálar svæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.



Vinsamlegast athugið að þegar vélinni verður fargað þá ber að farga henni í samræmi við gildandi reglur í því landi sem gilda fyrir rafmagnstæki af þessari gerð. Ef þið eruð í vafa hafið þá samband við viðkomandi Huisqvarna umboð.

Til hamingju!

Já til hamingju með nýju PFAFF® saumavélina. Þú hefur eignast saumavél sem byggð er á nýjustu tækni og hönnun og vonandi verður hún til þess að breyta hugmyndum þínum í veruleika.

En áður en þú byrjar að nota vélina biðjum við þig að lesa þennan leiðarvísir. Það mun hjálpa þér við að skilja hvernig vélin vinnur og hámarka notkunargildi vélarinnar. Umboðsaðili okkar mun að sjálfsgögðu einnig vera reiðubúinn að veita þér leiðbeiningar ef þú óskar þess


PFAFF® passport™ 2.0 saumavélin mun örugglega gera þér kleift að kanna nýjar víddir í saumaskap.

Efnisyfirlit

Inngangur	4	Saumað	21
Yfirlit yfir vélina.....	4	Saumur valinn.....	21
Fylgihlutir	5	Stillingar á saumum.....	21
Saumfætur	6	Saumatækni.....	22
Yfirlit yfir sauma.....	7	Þriggja þrepa zik zak	22
Undirbúningur	10	Hnappagöt.....	22
Vélin tekin upp.....	10	Töluáfesting.....	23
Vélin tengd við rafmagn.....	10	Ístopp og bætur.....	24
Gengið frá að saum loknum	10	Faldar á grófum og þykkum efnum	24
Frármurinn.....	11	Bútasaumur	25
Vélin stillt af á borðinu	11	Blindfaldur	26
Tvinnahnífur	11	Rennilásar	26
Keflispinnar	11	Viðhald	27
Þræðing á yfirtvinna	12	Vélin hreinsuð	27
Þræðari fyrir nál.....	13	Skipt um stingplötu	27
Þræðing á tvíburanál.....	13	Gangtruflanir og ráð við þeim.....	28
Spólað á spóluna	14	Eign á hugverki.....	31
Spólan sett í vélina.....	15		
Efri flytjarinn (IDT™ - integrated dual feed)	15		
Þrýstingur á saumfót	16		
Tvinnaspennan	16		
Nálar	17		
Skipt um nál	18		
Flytjarinn tekinn úr sambandi.....	18		
Fótlyfta.....	18		
Skipt um saumfót.....	18		
Hnappar.....	19		
Viðvaranir skilaboð/hljóðmerki	20		

Inngangur

Yfirlit yfir vél




Vélin að framan

- | | |
|---------------------------------|-----------------------------------|
| 1. Þræðiraufar | 11. Skrúfa fyrir nál |
| 2. Tvinnahnífur | 12. Stýring fyrir nálartvinna |
| 3. Díóðu ljós | 13. Fótstöng og fóthalda |
| 4. Innbyggður þræðari fyrir nál | 14. Saumfótur |
| 5. Armur fyrir hnappagöt | 15. Fríarmur |
| 6. Nálstöng | 16. Hólf fyrir fylgihluti |
| 7. Stingplata | 17. Stillir fyrir saumhraða |
| 8. Lok yfir grípara | 18. Skjár með hnöppum og díóðum |
| 9. Stýring fyrir undirtvinna | 19. Handhjól |
| 10. Fótlyftir | 20. Yfirlit yfir sauma - togað út |


Vélin að ofan

- 21. Stillir fyrir fótþrýsting
- 22. Tvinnastýringar
- 23. Skifur fyrir tvinnakelfi
- 24. Gat fyrir aukalegan keflispinna
- 25. Spólari
- 26. Þráðgjafi
- 27. Skífur í yfirtvinnaspennu
- 28. Forspenna fyrir spólun
- 29. Stillir fyrir yfirtvinnaspennu



Vélin að aftan


- 30. Aðalrofi, tenglar fyrir rafmagn og fótstöðu
- 31. Handfang
- 32. Fótlyftir
- 33. Efri flytjarinn (IDT™ system)
- 34. Renniloka til að taka flytjara úr sambandi



Fylgihlutir

sem fylgja með vélinni



- 35. Spólur (5) (#416475801)
- 36. Filtskífa
- 37. Skrufjárn fyrir stingplötu
- 38. Alhliða verkfæri
- 39. Skífa f. tvinnakefli, stór (2)
- 40. Skífa f. tvinnakefli, lítil
- 41. Sprettihnífur og bursti
- 42. Jaðarstýring
- 43. Aukalegur keflispinni



Fylgihlutir sem ekki eru á mynd

- Fótstöta
- Rafmagnsleiðsla
- Nálar
- Lok yfir vél

Saumfætur

	Venjulegi saumfóturinn 0A fyrir efri flytjara (sýnt með  á skjánum, og hann er á vélinni við afhendingu) Þessi saumfótur er aðallega notaður við beina sauma og zik zak sauma og fyrir sporlengd meiri en 1.0 mm.
	Skrautsaumsfótur 1A fyrir efri flytjara (sýnt með  á skjánum) Þessi saumfótur er notaður fyrir skrautsauma. Raufin undir honum er hönnuð til að renna frjálslega yfir sporin.
	Skrautsaumsfótur 2A fyrir efri flytjara (sýnt með  á skjánum) Þegar þið saumið skrautsauma með sporlengd sem er minni en 1,0 mm. er best að nota þennan fót. Raufin undir honum er hönnuð til að renna frjálslega yfir sporin.
	Blindsaumsfótur 3 fyrir efri flytjara (sýnt með  á skjánum) Þessi saumfótur er notaður fyrir blindfalda. Táin á fætinum stýrir efninu. Rauða stýringin á fætinum rennur meðfram faldbrúninni.
	Rennilásafótur 4 fyrir efri flytjara Þessum saumfæti er hægt að smella á fóthölduna bæði vinstra og hægra megin, sem gerir ykkur kleift að sauma mjög nálægt rennilásnum í báðar áttir. Færið nálarstöðuna til hægri eða vinstri til að komast sem næst tönnum lásanna.
	Hnappagatafótur 5B Aftan á honum er rými þar sem hægt er að stilla stærð hnappagatsins. Vélín saumar hnappagatið í þeirri stærð sem hentar þessari tölustærð.

Áriðandi: Fullvissið ykkur um að efri flytjarinn sé ekki í sambandi þegar þið notið saumfætur 2A og 5B.

Yfirlit yfir sauma

Nytjasaumar

● = Nota efri flytjarann

Spor	Nr.	Nafn	Lýsing
	01	Beint spor	Fyrir venjulega sauma og jaðarstungur. Hægt er að velja um 29 mismunandi nálarstöður. <i>Ath: Þetta spor myndar sterkari heftingu en spor 21.</i>
	02	Teygjanlegt þriggja þrepa beint spor	Fyrir styrkta sauma og jaðarstungur.
	03	Zik zak spor	Styrkja sauma, kasta jaðra, teygjanlega sauma og blúndusaum.
	04	Z-zik zak spor	Applíkeringar, flatsauma, kóssasaum.
	05	Teygjanlegt þrefalt zik zak spor	Teygjanlegur saumur fyrir skrautlega falda eða jaðarstungur.
	06	Þriggja þrepa zik zak spor	Sauma á teygjur, ístopp, setja í bætur.
	07	Vöfluspor	Fallegt spor fyrir teygjanleg efni og falda. Einnig notað með teygjutvinna á spólunni.
	08	Kross földunarspor	Teygjanlegur skrautlegur faldur fyrir teygjanleg efni.
	09	Blindfaldur	Fyrir blindfalda á ofin efni.
	10	Teygjanlegur blindfaldur	Fyrir blindfalda á teygjanleg efni.
	11	Teygjanlegt "tricot" spor	Fyrir sauma á teygjanleg efni.
	12	Lokað overlock	Saumar og kastar jaðarinn í einum saum.
	13	Venjulegt overlock	Saumar og kastar jaðarinn í einum saum
	14	Lokað overlock	Saumar og kastar jaðarinn á teygjanlegum efnum í einum saum.
	15	Venjulegt hnappagat	Venjulegt hnappagat fyrir blússur, skyrtur, jakka og einnig fyrir koddaver.
	16	Afrúnað hnappagat með langsum heftingu	Hnappagat fyrir flíkur.
	17	Augahnappagat með langsum heftingu	Klæðskerahnappagat fyrir jakka og buxur.
	18	Teygjanlegt hnappagat	Hnappagat fyrir teygjanleg efni.
	19	Töluáfesting	Festa tölur á fatnað og einnig fyrir heftingar.
	20	Forritanlegt ístoppsspor	Gera við göt og rifur á efnum.

Bútasaums spor

Spor														
Nr.	21*	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	32	33	34

Spor													
Nr.	35	36	37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47

* Spor 21 er saumað með glærum "monofilament" yfirtvinna og aukinni yfirtvinnaspennu til að ná fram handavinnu útliti.

● = Notið efri flytjara

Listsaumar

Spor			
Nr.	48	49	50

Ath: Til að ná sem bestum árangri eru spor 48, 49 og 50 saumuð með "Wing" húllsaumsnál.

● = Notið efri flytjara

Flatsaumar

Spor				
Nr.	51	52	53	54

Skrautsaumar

Spor																
Nr.	55	56	57	58	59	60	61	62	63	64	65	66	67	68	69	70



Undirbúningur

Vélin tekin upp

1. Setjið kassann á stöðugan flatann flöt. Lyftið vélinni upp úr kassanum, fjarlægið ytri pakkningar og takið lokið af vélinni.
2. Fjarlægið ytri pakkningar og plastpokann.

Ath: PFAFF® saumavélin passport™ 2.0 er stillt til að vinna best í venjulegum herbergishita. Mikill hiti eða mikill kuldi getur haft áhrif á árangurinn.

Vélin tengd við rafmagn

Á meðal fylgihlutanna finnið þið rafmagnsleiðsluna og fótmótstöðuna.




Ath: Takið vélinna ávallt úr sambandi við rafmagn þegar þið eruð ekki að nota hana.

Fyrir þessa saumavél á að nota fótmótstöðu C-9002 sem framleidd er af CHIENHUNG á TAIWAN.

1. Tengið snúruna frá fótmótstöðunni í fremri tengilinn sem er neðan til á hægri hlið vélarinnar (A).
2. Tengið rafmagnsleiðsluna í aftari tengilinn sem er neðan til á hægri hlið vélarinnar (B). Tengið hinn endann í vegg tengil.
3. Færið aðalrofan ON/OFF á ON til að kveikja á vélinni og ljósinu á henni (C).

Gengið frá að saum loknum

1. Slökkvið á aðalrofanum.
2. Takið vélinna úr sambandi við vegg tengilinn.
3. Takið tengil fótmótstöðunnar úr sambandi við vélinna. Vindið leiðsluna í kring um mótstöðuna.
4. Setjið alla fylgihluti í hólfin fyrir þá. Rennið hólfinu utan um fríarminn að vélinni.
5. Setjið fótmótstöðuna í auða plássið fyrir ofan fríarminn.
6. Setjið lokið yfir vélinna.




Fríarmurinn

Til að nota fríarminn rennið þið hólfinu fyrir fylgihlutina af vélinni. Þegar hólfið er á vélinni er því haldið með smákrók. Rennið hólfinu til vinstri.


Grunnplata vélarinnar stillt á borðinu

Ef vélin veltur eitthvað til á borðinu ykkar er hægt að stilla hæð grunnplötunnar. Snúið stilliskrúfunni (A) með hendiinni. Réttisælis til að lækka hana og rangsælis til að hækka grunnplötuna.



Tvinnahnífur

Til að nota tvinnahnífinn, togið þið tvinnann aftan frá og fram á við eins og sýnt er (B).



Keflispinnar

Á vélinni eru tveir keflispinnar, aðal keflispinninn og aukalegur keflispinni, og þeir eru hannaðir fyrir margar gerðir af tvinnakeflum. Aðal keflispinninn er stillanlegur og hægt að nota hann hvort sem er í láréttri (tvinninn rennur af keflinu) eða lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Láréttu stöðuna er hægt að nota fyrir flestar gerðir af venjulegum og útsaumstvinna, en lóðrétta staðan er fyrir sérstök tvinnakefli og sérstakan tvinna.


Lárétt staða

Setjið skífu og tvinnakefli á keflispinnann. Fullvissið ykkur um að tvinninn renni frjálsglega af tvinnakeflinu og renni yfir skífu sem sett er fyrir framan það.


Notið ávallt skífu sem er aðeins stærri en tvinnakeflið sjálft.

Fyrir mjó tvinnakefli notið þið minni skífunna, en fyrir stærri tvinnakefli notið þið stærri skífuna fyrir framan það.

Flatí hluti skífunnar á alltaf að liggja þétt upp að tvinnakeflinu. Ekkert bil á að vera á milli keflisins og skífunnar.



Stór skífa fyrir keflispinna



Lítill skífa

Lóðrétt staða

Lyftið keflispinnanum í lóðréttu stöðu. Setjið stóra skífu á keflispinnann og síðan filtskífu ofan á skífuna. Hún kemur í veg fyrir að tvinnakeflið snúist of hratt.

Setjið ekki skífu ofan á keflispinnann þegar þið notið hann í lóðréttri stöðu því það gæti hindrað keflið í að snúast.

Aukalegur keflispinni



Aukalegi keflispinninn er notaður t.d. þegar þið þurfið að spóla á spóluna eða þegar þið eruð að sauma með tvíburanál.

Setjið aukalega keflispinnann í gatið ofan á vélinni (A). Setjið stóra skífu og filtskífu á hann.


Vélin þrædd

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu.


1. Setjið tvinna á keflispinnann og heppilega skífu fyrir framan tvinnakeflið.
2. Togið tvinnann inn í hægri tvinnastýringuna (B) framan frá og aftur og síðan í vinstri stýringuna (C) aftan frá og fram á við. Togið tvinnann þannig að hann sé á milli diskanna í spennunni (D).
3. Þræðið síðan niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp vinstri þræðiraufina.
4. Leggið tvinnann síðan hægra megin frá í þráðgjafann (E) og aftur niður vinstri þræðiraufina og inn í tvinnastýringuna (F) og þaðan í nálarstýringuna (G).
5. Þræðið nálina.



Aðal keflispinni í lóðréttri stöðu.



Aukalegur keflispinni.




Þræðari fyrir nál

Þræðarinn fyrir nálina gerir ykkur kleift að þræða nálina á einfaldan hátt. Nálin verður að vera í efstu stöðu þegar þið notið þræðarann. Ýtið á hnappinn nálina uppi/nálin niðri til að fullvissa ykkur um að nálin sé í efstu stöðu.

Við ráðleggjum ykkur einnig að setja saumfótinn niður.

1. Ýtið á handfangið til að ýta þræðaranum alla leiðina niður. Krókurinn á þræðaranum (F) sveiflast og fer í gegn um augað á nálinni.
2. Setjið nú tvinnann aftan frá yfir krókinn (G) og síðan undir krókinn (F) á þræðaranum.
3. Látið þræðarann ganga aðeins til baka. Krókurinn togar nú tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju fyrir aftan það. Togið lykkjuna alveg í gegn um nálaraugað.

Ath: Þræðarinn er hannaður fyrir nálar í grófleikum 70-120. Ekki er hægt að nota þræðarann fyrir nálar í grófleika 60 eða finni, ekki fyrir "wing" húllsaumsnálar eða tvíburanálar og einnig geta sum aukataeki orðið til þess að þið verðið að þræða nálina með höndunum á gamla mátann.






Ath: Þegar þið eruð að nota tvíburanálar gætu þið þurft að minnka sporbreiddina til að forða því að nálarnar, saumfóturinn eða stingplatan skemmist, en það fer allt eftir sporbreiddinni, og/eda breiddinni á milli tvíburanálanna.

Þræðing fyrir tvíburanálar

Setjið tvíburanál í nálarhölduna. Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og að nálin sé í efstu stöðu.

1. Setjið tvinnann á keflispinnann og setjið viðeigandi skífu fyrir framan keflið. Setjið aukalega keflispinnann og stóra skífu og filtskífu á hann. Setjið annað tvinnakefli á þennan keflispinna.
2. Togið tvinnana í hægri tvinnastýringuna (A) framan frá og aftur og síðan í vinstri stýringuna (B) aftan frá og fram á við. Togið báða tvinnana þannig að þeir fari á milli skífanna í tvinnaspennunni (C).
3. Þræðið síðan niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp eftir þeirri vinstri.
4. Leggið tvinnana hægra megin frá í þráðgjafann (D) og síðan niður eftir vinstri þræðiraufinni. Þræðið tvinnana í neðri tvinnastýringuna (E). Setjið síðan annan tvinnann í vinstri stýringuna við nálina (F) og hinn í hægri stýringuna við nálina (G). Fullvissið ykkur um að tvinnarnir flækist ekki eða snúist saman.
5. Þræðið nálarnar á gamla mátann.






Spólað á spóluna

1. Setjið tinnakefli á keflispinnann í láréttri stöðu. Rennið skífu þétt upp að tvinnakeflinu.
2. Setjið tvinnann í tvinnastýringuna (A) framan frá og aftur. Togið tvinnann réttsælis í kring um tvinnaspennuna fyrir spólarann (B).
3. Þræðið tvinnann innan frá og út um gatið á spólunni (C).
4. Setjið spóluna á spólarann.
5. Þrýstið spólaranum til hægri.

Stafirnar "SP" blikka á skjánum (D).

Stígið á fótmótstöðuna til að spóla á spóluna.


Þegar spólan er orðin full, takið þið fótinn af fótmótstöðunni, - ýtið spólaranum til vinstri, fjarlægið spóluna og klippið tvinnann.



Spólan sett í vélina

Fullvissið ykkur um að nálin sé örugglega í efstu stöðu og að slökkt sé á vélinni aður en þið setjið spóluna í vélina. Opnið lokið yfir gríparanum með því að ýta á losunarhnappinn hægra megin (A). Fjarlægið lokið (B).

1. Setjið spóluna í spóluhúsið þannig að tvinninn renni af henni rangsælis.
2. Togið tvinnann í raufina (C).
3. Með fingri haldið þið varlega ofan á spóluna um leið og þið dragið tvinnann þar sem örin sýnir inn í stýringarnar við stingplötuna frá (C) til (D).
4. Togið tvinnann síðan þar sem örvarnar sýna í stýringarnar frá (D) til (E).
5. Til að klippa umfram tvinnna togið þið tvinnann aftan frá í hnífinn við stað (E).
6. Setjið lokið aftur á vélina.



Efri flytjarinn (IDT™ system (integrated dual feed))

Pegar sauma þarf þykk og erfið efni býður PFAFF® passport™ 2.0 saumavélin upp á frábæra lausn: Innbyggða efri flytjarann eða það sem kallast “IDT™ system”, sem stendur fyrir “integrated dual feed”. Efnið er flutt bæði neðan frá og ofan samtímis. Efnunum er þá haldið saman eins og í töng og þau geta því ekki misfærst. Á mjög þunnum efnum eins og á silki og nylon kemur þetta einnig í veg fyrir að efnin rykkist. Þetta kemur sér einnig mjög vel þegar verið er að sauma saman röndótt eða köflótt efni. Í bútasaum misfærast efnislögin ekki heldur þegar efri flytjarinn er notaður.


Efri flytjarinn settur í samband

Áríðandi: Fyrir alla vinnu með efri flytjara verður að nota saumfætur sem eru með rauf að aftan (F).

Lyftið saumfætinum. Þrýstið efri flytjaranum niður á við þar til hann smellur í samband.

Efri flytjarinn tekinn úr sambandi

Lyftið saumfætinum. Haldið um rifflaða hlutann á efri flytjaranum með tveimur fingrum. Togið hann aðeins niður á við, og síðan frá fætinum og látið hann renna hægt og rólega upp.



Þrýstingur á saumfót


Þrýstingurinn á saumfótinn er með grunnstillinguna og gildið "N". Í flestum tilfellum þarf ekki að breyta stillingunni, en þó getur sú staða komið upp þegar verið er að nota einhverja sérstaka saumataækni, eða þegar verið er að sauma mjög þunn eða mjög þykk efni. Þá gæti verið nauðsynlegt að breyta stillingunni.

Fyrir mjög þunn efni, losið þið aðeins á þrýstingnum með því að snúa rangsælis.

Ath: Ef stillinum er snúið of langt rangsælis gæti hann losnað. Ef það kæmi fyrir þá setjið stillinn aftur á vélina og snúið honum réttisælis þar til hann festist.


Fyrir mjög þykk efni, herðið þið aðeins á þrýstingnum með því að snúa réttisælis.

Ath: Ef þið snúið réttisælis og getið ekki snúið lengra, hefur stillirinn náð hámarks stillingu. Reynið ekki að snúa honum lengra!



Tvinnaspennan

Til að stilla tvinnaspennuna snúið þið stillinum sem er ofan á vélinni. Það fer allt eftir efni, milliefni, tvinna o.s.frv. hvort stilla þarf tvinnaspennuna.




Fyrir gott útlit og varanleika saumanna verður tvinnaspennan fyrir yfirtvinnann ávallt að vera rétt stillt. Í venjulegum saumum á hnýting tvinna ávallt að eiga sér stað á milli efnanna.

Ef undirtvinninn kemur upp á réttuna, þá er yfirtvinnaspennan of stíf. Losið aðeins á yfirtvinnaspennunni.

Ef yfirtvinninn er sýnilegur á röngunni, þá er yfirtvinnaspennan of laus. Aukið aðeins á yfirtvinnaspennunni.

Í skrautsaumum og hnappagötum á yfirtvinninn að vera sýnilegur á röngunni.

Saumið nokkra prufusauma á afgangsefni til að skoða tvinnaspennuna og leiðrétta hana ef með þarf.



Nálar

Saumavélanálin leikur ávallt stórt hlutverk í hverjum saum. Notið eingöngu gæðanálar og nálar af gerðinni 130/705H. Nálar sem fylgja með vélinni í upphafi eru af mest notuðu grófleikunum.

Alhliða nál (A)

Þessi alhliða eða venjulega nál er neð aðeins rúnnaðan odd og hægt að fá hana í ýmsum grófleikum. Fyrir allan venjulega saum á ýmis efni og grófleika.

“Stretch” nál fyrir teygjanleg efni (B)

“Stretch” nálar eru með sérstaka rauf til að koma í veg fyrir að vélin hlaupi yfir þegar efnin gefa eftir. Henta vel fyrir þrjón, sundfatnað, flís, gerviefni og leður. Þær eru merktar með gulu striki.

Útsaumsnál (C)

Útsaumsnálar eru einnig með sérstaka rauf, aðeins afrúnnaðan odd og aðeins stærra auga en venjulegar nálar til að koma í veg fyrir skemmd á tvinna og efnum. Notið þær þegar þið eruð að sauma út með málmtvinna eða öðrum sérstökum tvinna. Þær eru merktar með rauðu striki.

“Denim” gallabuxnanál (D)

“Denim” nálar eru með mjög beittan odd til að ganga betur í gegn um þykk og þéttofin efni án þess að nálin bogni til hliðanna. Fyrir segldúk, gallabuxnaefni, míkróefni. Nálar eru merktar með bláu striki.



“Wing” húllsaumsnál (E)

“Wing” húllsaumsnálin er með nokkurs konar “vængi” á báðum hliðum, bæði til að gera göt í efni og einnig til að ýta efnisþráðum til hliða þegar verið er að sauma slíka sauma á náttúrulega ofin efni.

Ath: Skiptið oft um nálar, og notið eingöngu beinar nálar með skörpum oddi (F).


Skemmd nál (G) getur orsakað að vélin hlaupi yfir eða að tvinninn slitni. Skemmd nál getur einnig skemmt út frá sér og skemmt bæði saumfót og stingplötuna.

Notið aldrei tvíburanálar sem ekki eru settar saman út frá miðjunni (H), því slíkar nálar geta skemmt vélina.



Skipt um nál


1. Notið gatið í álhliða áhaldinu til að halda á nálinni.
2. Losið um festiskrúfunu sem heldur nálinni. Notið skrúfjárn ef með þarf.
3. Fjarlægjið nálina.
4. Setjið nýja nál í vélina, og notið alhliða áhaldið. Ýtið nálinni eins hátt og hún kemst og látið flata kantinn vísa aftur eða frá ykkur.
5. Herðið á festiskrúfunni.



Flytjarinn tekinn úr sambandi


Þið getið tekið flytjarann á vélinni úr sambandi með því að ýta rennilokunni aftan á fríarminum til vinstri. Færið hann aftur til hægri þegar þið viljið fá flytjarann aftur í samband.

Ath: Flytjarinn fer kannski ekki strax í samband og rennilokunni er ýtt til hægri. Snúið handhjólinu einn hring eða byrjið að sauma til að hann smelli í samband.



Fótlyftir

Saumfóturinn er lækkaður eða honum lyft upp með fótlyftinum (A). Ef þið eruð að sauma mjög þykk efni eða mörg lög af efnum, er hægt að lyfta honum aðeins hærra til að auðveldara sé að koma efninu undir saumfótinn.



Skipt um saumfót

Fjarlægjið saumfótinn


Ýtið einfaldlega niður á saumfótinn þar til hann dettur af fóthöldunni.

Saumfótur settur á


Staðsetjið saumfótinn þannig undir fóthöldunni (B), að úrtakið (C) sé á móts við pinnana (D).

Lækkið fótlyftinn og þá smellur saumfóturinn í fóthölduna.

Ath: Aðgætið að saumfóturinn sé örugglega fastur við fóthölduna með því að lyfta saumfætinum upp.



Hnappar



Afturábak (1)

Ef þið ýtið á afturábak hnappinn á meðan saumað er, saumar vélin afturábak eins lengi og haldið er við hnappinn.

Afturábak er einnig notað þegar þið saumið í stopps spor.

Start/stop (2)

Ýtið á þennan hnapp til að láta vélina byrja að sauma án þess að stígið sé á fótstöðuna. Ýtið einu sinni á hnappinn til að byrja og aftur til að stöðva vélina.

Hraðastillir (3)

Með hraðastillinum getið þið ákvarðað hámarks hraða vélarinnar. Til að auka við hraðann rennið þið stillinum upp á við, en niður á við til að minnka hraðann á henni.

“Info” hnappur (4)

Ýtið á þennan hnapp til að sjá hvaða saumfót á að nota við tiltekinn saum. Ef punktur er sýnilegur í neðra hægra horni skjásins, er einnig mælt með því að nota efri flytjarann.

Tafarlaus hefting/heftingar (5)

Fyrir tafarlausu heftingu ýtið þið á þennan hnapp á meðan þið eruð að sauma. Vélin saumar þá nokkur heftispor og stöðvast síðan sjálfkrafa.

Til að stilla vélina þannig að hún hefti ávallt fyrir í lok hvers saums, ýtið þið á hnappinn áður en þið byrjið að sauma. Það kviknar á díóðu ljósi við hliðina á hnappnum. Eftir að hafa saumað sauminn í óskaðri lengd, ýtið þið á afturábak hnappinn á meðan þið eruð enn að sauma. Vélin lýkur þá við sauminn með því að hefta fyrir og stöðvast síðan sjálfkrafa.

Ath: Ekki er hægt að nota þessa aðgerð fyrir sauma 15-20.

Nálin uppi eða niðri (6)

Ýtið á þennan hnapp til að færa nálina annaðhvort upp eða niður. Stillingin á því hvernig nálarstöðu vélin stöðvast í er ákvörðuð á sama hátt.

Þið getið einnig komið snöggst við fótstöðuna til að láta nálina stöðvast uppi eða niðri.

Sporlengd (7)

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota “+” og “-” hnappana.

Sporbreidd eða sporlegu stilling (8)

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota “+” og “-” hnappana.

Fyrir beina sauma notið þið einnig “+” og “-” hnappana til að stilla sporleguna í fætinum.

Ath: Hægt er að velja um 29 mismunandi nálarstöður í fætinum. 3.5 á skjánum sýnir miðju stöðuna.

Val á saum (9)

Ýtið á sambland af 0 til 9 hnappana til að velja númer á þeim saum sem þið viljið nota.

Viðvörðunarskilaboð/hljóðmerki

Álag á aðalmótor

Vélin getur orðið fyrir of miklu álagi ef mikið er saumað af þykkum og grófum efnum eða t.d. ef tvinnarestar klemmast í gríparanum eða annars staðar og erfitt er að snúa handhjólinu. Eintóna hljóðmerki heyrir frá vélinni og stafirnir "EL" blikka á skjánum. Vinsamlegast farið í kaflann gangtruflanir og ráð við þeim á bls. 29 til að finna lausn á vandanum. Þegar vandamálið hefur verið leyst er hægt að halda áfram að sauma.

Ath: Þegar verið er að sauma og tvinnarestar klemmast e.t.v. í gríparanum og festa vélina þannig að ekki er hægt að snúa henni og þið haldið áfram að stíga á fótstöðuna, þá mun öryggisrofi stöðva vélina. Slökkvið á aðalrofanum og kveikið á honum á ný.

Ath: Vandamálið er ekki leyst, og við biðjum ykkur að hafa samband við PFAFF® þjónustuna.



Spólara staða

Þegar spólaranum hefur verið ýtt til hægri, koma blikkandi stafirnir "SP" á skjáinn.

Ef þið ýtið á einhvern hnapp kemur smáhljóð til að minna ykkur á að ýta spólaranum aftur til vinstri og í saumastöðu.

Ath: Ekki er hægt að sauma á vélina þegar spólarinn er í spólara stöðunni.




Hljóðmerki

Það er hægt að slökkva á hljóðmerkjum vélarinnar. Ýtið á hnappinn fyrir tafarlausa heftingu (A) um leið og þið kveikið á vélinni.

Veljið á milli "hljóðið á" eða "hljóðið af" með því að snerta sporbreiddartakkana "+" eða "-" (B).

Snertið "-" til að slökkva á hljóðinu og skjáinn sýnir "0". Snertið "+" til að setja hljóðið á og skjáinn sýnir "1".

Ýtið aftur á hnappinn fyrir tafarlausa heftingu til að fara aftur í sauma aðgerð.



Saumað

Þegar kveikt er á vélinni er sjálfgefinn saumur beint spor 01.

Saumur valinn

Ýtið á sambland af tökkunum 0 til 9 til að velja þann saum sem þið viljið nota.

Stillingar á saumum



Vélin stillir sig sjálfkrafa á sjálfgefna sporlengd (A) og sporbreidd/nálarstöðu (B) fyrir valinn saum. Þið getið hins vegar breytt þessum sjálfgefnu gildum.

Breytingar sem þið framkvæmið eiga eingöngu við þetta valda spor, og verður breytt í sjálfgefin gildi þegar þið veljið annan saum. Breytingar sem þið framkvæmið eru ekki vistaðar í minni vélarinnar þegar þið slökkvið á vélinni.

Ýtið á "+" eða "-" þegar þið viljið framkvæma breytingar. Gildin sem þið stillið á verða sýnd í númerum á skjánum og díóðuljósið við hliðina á hnappnum kviknar (C). Breytið gildunum með því að ýta á "+" eða "-" hnappana þegar díóðuljósinn loga.

Ef þið reynið að fara fram úr hámarks- til minnkunar eða hækkunar, gefur vélin frá sér viðvörðunarljóð.

Ath: Sjálfgefin gildi blikka á skjánum þegar þið skrunið í gegn um stilligildin.




Saumatækni

Briggja þrepa zik zak spor

Spor númer 06 er hægt að nota til að kasta jaðra. Fullvissið ykkur um að nálin stingi í efnið vinstra megin en út fyrir jaðarinn hægra megin.

Spor númer 06 er einnig hægt að nota sem teygjanlegt spor þannig að saumurinn gefi eftir eins og efnið sjálft.



Hnappagöt

Hnappagötin í vélinni eru sérstaklega hönnuð fyrir mismunandi efni og flíkur. Lítið á sporatöfluna á blaðsíðu 7 í þessum leiðbeiningum til að skoða lýsingar á öllum hnappagötunum.


Þið ættuð ávallt að leggja undirleggsefni undir eða á milli laga á þá staði sem sauma á hnappagötin.

Eins þrepa hnappagatafótur 5B

1. Merkið fyrir staðsetningu hnappagatanna á flíkinni.
2. Setjið hnappagatafóttinn 5B á vélina og togið í plötuna sem heldur á tölunni. Setjið töluna í fótinn, en talan mun ákvarða lengd hnappagatsins.
3. Fullvissið ykkur um að tvinninn hefur verið togaður niður í gegn um gatið á fætinum og settur undir fótinn.
4. Veljið það hnappagat sem þið ætlið að sauma og stillið lengdina sem þið viljið hafa.

Ath: Saumið ávallt prufuhnappagat á afgangsefni áður en þið saumið á flíkina sjálfa.


5. Staðsetjið efnið undir saumfætinum, þannig að merkin á flíkinni séu á móts við miðjuna á hnappagatafætinum.
6. Lækkið arminn fyrir hnappagötin alla leið niður og ýtið honum frá ykkur.
7. Haldið í tvinnaendann á yfirtvinnanum og byrjið að sauma. Hnappagötin eru saumuð framan frá í fætinum og aftur í hann.
8. Þegar vélin hefur lokið við hnappagatið, lyftið þið saumfætinum.



Hnappagöt með undirleggsþræði (fyrir teygjanleg efni)

Pegar þið saumið hnappagöt á teygjanleg efni ráðleggjum við ykkur endilega að nota undirleggsþráð til að forðast að togni á hnappagatinu.



1. Búið til lykkju á undirleggsþráð eða perlugarn og smeygið lykkjunni utan um hakið áftan á hnappagatafætinum 5B. Togið endana undir fótinn og fram á við og festið þá saman í kring um hakið framan á fætinum.
2. Saumið hnappagatið. Flatsaumarnir í leggjum hnappagatsins sauma nú yfir undirleggsþráðinn.
3. Þegar búið er að sauma hnappagatið, lyftið þið undirleggsþræðinum af hökunum og togig slakann fram á við þannig að lykkjan að aftan fari undir fyrri heftinguna.
4. Krossið endana fyrir framan nálina og þræðið endana í grófa handsaumanál. Þræðið þá niður á rönguna og hnýtið þá þar saman áður en þið klippið umframendana frá.
5. Notið síðan sprettihnífinn til að opna hnappagatið varlega. Setjið útuprjóna innan við heftingarnar til að skera ekki í þær.



Töluáfesting

1. Þegar þið festið tölur á flíkur fjarlægið þið saumfótinn og veljið töluáfestingarspor númer 19.
2. Takið flytjarann úr sambandi.
3. Staðsetjið töluna undir fóthölduna. Snúið handhjólina varlega til að fullvissa ykkur um að nálin stingi ofan í sitt hvort gatið á tölunni og að sporbreiddin henti fyrir töluna. Ef nauðsyn krefur getið þið breytt sporbreiddinni þannig að hún henti fyrir millibilið á milli gatnanna á tölunni ykkar.
4. Þið getið einnig fjölgað eða minnkað sporafjöldann sem festir töluna og það í 2ja spora þrepum og það gerið þið með sporlengdarhnappnum (A). Sporafjöldinn er sýndur á skjánum. Sjálfgefinn fjöldi eru 6 spor.
5. Byrjið að sauma. Vélin saumar nú ákveðinn fjölda spora, heftir fyrir og stöðvast.

Ath: Notið alhliða áhaldið til að búa til fót undir töluna ef hún er fyrir þykkari efni. Þið getið einnig fengið sérstakan töluáfestingarfót sem fæst sem aukahlutur. Númerið á honum er 820 473-96.




Ístopp og viðgerðir

Að stoppa í lítið gat getur bjargað flík áður en gatið verður stærra. Veljið tvinnalit sem er eins líkur flíkinni og hægt er að fá hann.

1. Setjið efni eða undirleggsefni undir gatið eða rifuna á flíkinni.
2. Veljið spor númer 20, þ.e.a.s. ístoppssporið.
3. Byrjið að sauma fyrir ofan og síðan yfir gatið eða rifuna
4. Þegar þið eruð komin fram yfir gatið eða rifuna, ýtið þið á afturábak hnappinn (A) til að ákvarða lengdina á sporinu. Vélin mun síðan ljúka við sporið sjálfkrafa með því að sauma yfir gatið fram og til baka.
5. Sjálfgefið er að vélin geti endurtekið sama spor aftur og aftur, bara haldið áfram að sauma.



Til að stilla á aðra lengd á ístoppsspori veljið þið sporið á nýjan leik og endurtakið þrep 3 og 4 hér að ofan.

Ath: Þessi spor er einnig hægt að sauma þegar þið notið hnappagatafótinn 5B. Stillið lengdina á ístoppssporinu með því að toga arminn fyrir hnappagötin niður þegar þið saumið sporin.



Faldar á þykk efni

Þegar þið saumið yfir þversauma á mjög grófum efnum eins og t.d. gallabuxum, þá getur verið erfitt eða ómögulegt fyrir saumfótinn að fara upp á þversauminn. Notið þá alhliða áhaldið til að jafna út hæðarmuninn. Önnur hliðin á því er þykkari en hin hliðin. Notið þá hlið sem hentar best fyrir hæðarmuninn sem þið þurfið að fara yfir.



Bútasaumur

Bútasaumur samanstendur yfirleitt af þremur lögum af efnum, tvö lög af efnum og einu lagi af vatti á milli efnanna.

Til að sauma þessi þrjú lög saman býður vélin upp á fjölda mismunandi spora og saumataekni.

Saumað í saumfarið

Notið skautsaumsfótinn 1A og efri flytjarann. Sauma í saumfarið þýðir einfaldlega að þið notið stýringuna á fætinum til að renna eftir saumfarinu á bútasaumsbútunum.

Byrjið á því að festa öll lögin saman með tituprjónum, og byrjið inn á miðjunni og færið ykkur út að jöðrunum. Setjið tituprjónana með 15-20cm millibili.

Ath: Þið getið einnig keypt ykkur aukalega fáanlega saumfótinn fyrir sauma í saumfarið og fyrir efri flytjarann en hann er nr. 820 925- 096.



“Crazy quilt” saumur

Skreytið bútasaumana ykkar með skrautsaumum. Saumana er hægt að sauma í samlitum eða gagnstæðum litum af tvinna. Skrautlegur tvinni eins og rayon útsaumstvinni eða grófur baðmullartvinni eru líka stundum notaðir.

Fríhendis punkta-aðferð (stippling)

Fríhendis punkta-aðferð heldur ekki aðeins efra laginu vattinu og neðra laginu saman, heldur gefur bútasaumnum öðruvísi og áhugaverða áferð.

Fríhendis punkta-aðferð er framkvæmd með flytjarann úr sambandi og þið flytjið efnið sjálf fríhendis og ákvarðið um leið sporlengdina.

1. Stillið vélina á punkta-aðferð með því að velja beint spor númer 01.
2. Setjið aukalega fáanlega fríhendis saumfótinn með opnu tánni, en hann er númer 820 988-096.
3. Takið flytjarann úr sambandi.
4. Festið lögin þrú saman með tituprjónum eins og lýst var hér fyrr í saumað í saumfarið.

Ráð! Æfið punkta-aðferðina á afgangsefnum og vatti. Saumið með stöðugum hraða til að sporin verði sem jöfnust.

5. Byrjið nálægt miðjunni og vinnið ykkur út á við. Takið eitt spor og náði undirtvinnanum upp á yfirborðið. Saumið nokkur spor þétt hvort upp við annað til að hefta byrjunina.
6. Færið nú efnið þannig að þið færið það ávallt í hringið. Saumarnir ættu helst ekki að fara yfir fyrri sauma og ættu að myndast með því að hlykkjast eða bugðast eftir yfirborðinu.



Handavinnu útlit á bútasaum

1. Þræðið öll þrjú lögin saman.
2. Notið einfaldan glæran og ósýnilegan “monofilament” tvinna sem yfirtvinna og notið rayon eða baðmullartvinna í lit á spóluna.
3. Veljið handavinnu útlits sauminn númer 21, og herðið aðeins á yfirtvinnaspennunni í 7-9.
4. Smellið ráðlögðum saumfæti 0A á vélina.
5. Setjið efri flytjarann í samband.
6. Þegar þið saumið sauminn þá ættu þið aðeins að sjá spólutvinnann. Fínstillið yfirtvinnaspennuna til að ná fram óskaðri áferð.


Blindfaldur

Blindfaldurinn, spor númer 09, er notaður til að sauma ósýnilega falda á pils, buxur, gardínur o.fl. Notið saumfót númer 3 með efri flytjaranum.

1. Kastid jaðarinn á efninu.
2. Brjótið og strauið faldbreiddina á rönguna.
3. Brjótið faldinn aftur til baka þannig að ca. 1 cm af jaðrinum standi út af brotbrúninni. Rangan á flíkinni ætti nú að snúa upp..
4. Staðsetjið efnið nú þannig undir blindföldunarfætinum að faldbrúnin renni meðfram jaðarstýringunni A.
5. Þegar nálin sveiflast inn að faldbrúninni á hún aðeins að grípa í einn þráð eða lítinn hluta efnisins. Ef sporin sjást á réttunni þurfið þið að stilla jaðarstýringuna A, með því að snúa stilliskrúfunni B þar til nálin bara rétt grípur í brúnina.




Blindfaldur - spor 09



Teygjanlegur blindfaldur - spor 10

Teygjanlegur blindfaldur

Teygjanlegi blindfaldurinn númer 10, hentar mjög vel á teygjanleg efni, því zik zak sporin í saumnum gefa teygjanleika í sauminn. Gengið er frá faldinum og jaðrinum í einum saum. Ekki er nauðsynlegt að kasta jaðarinn á flestum teygjanlegum efnum.




Rennilásar

Hægt er að sauma rennilása í flíkur á mismunandi vegu. Farið yfirleitt eftir þeim ráðleggingum sem fylgja með því sniði sem þið eruð að vinna eftir.

Það er sameiginlegt við alla rennilása að ráðlagt er að sauma eins nálægt tönnum lásanna og hægt er. Rennilásafót 4 er hægt að smella á fóthölduna hvort sem er vinstra eða hægra megin, sem fer eftir því hvernig þið ætlið að sauma rennilásinn í flíkina.

Stillið nálarstöðuna þannig að sporin liggi eins þétt upp við tennur lássins og hægt er, en þið getið valið um 29 mismunandi nálarstöður fyrir beint spor. Ef fóturinn er settur á hægra megin, verður aðeins að færa nálina til hægri. Ef hann er settur á vinstra megin, verur að færa nálina til vinstri.



Viðhald

Hreinsun á vélinni

Til að vélin vinni ávallt vel, þá þarf að hreinsa hana oft. Athugið að EKKI þarf að smyrja þessa vél.

Hrensið vélina utanverða með því að strjúka af henni með þurrum, mjúkum og hreinum klút.

Gríparasvæðið hreinsað

 *Ath: Lyftið nálinni, takið flytjarann úr sambandi og slökkvið á vélinni.*

Fjarlægið saumfótinn. Ýtið á hnappinn til að losa lokið yfir gríparanum (A) til hægri og fjarlægið lokið (B) og spóluna. Notið skrúfjárnid til að fjarlægja skrúfurnar tvær (C) í stingplötunni og fjarlægið hana.

Hreinsið flytjarann og gríparasvæðið með burstanum sem fylgir með vélinni.

Hreinsað undir gríparasvæðinu

Hreinsið svæðið undir gríparanum eftir að hafa saumað í lengri tíma eða þegar þið takið eftir því að ló og óhreinindi hafa safnast fyrir á svæðinu.




Fjarlægið spóluhúsið með því að lyfta því upp og til hægri. Hreinsið svæðið með burstanum eða hreinum klút.

Setjið spóluhúsið aftur í gríparann þannig að það liggi að stopparanum (D).

Ath: Blásið aldrei lofti inn í spólusvæðið. Það gæti bara ýtt óhreinindunum lengra inn í vélina.

Skipt um stingplötu

Með flytjarann úr sambandi, skiptið þið um stingplötu og herðið síðan skrúfurnar tvær sem halda henni. Rennið lokinu yfir gríparanum aftur að.



Gangtruflanir

Í þessari upptalningu er farið yfir nokkrar af þeim gangtruflunum sem komið geta upp. Frekari upplýsingar getið þið svo fengið hjá PFAFF® þjónustunni.

Vadmál/Orsök	Lausn
Almenn vandamál	
Vélin færir efnið ekki?	Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé í sambandi.
Nálin brotnar?	Setjið nálina rétt í vélina - sjá bls. 18. Notið rétta nál fyrir efnið sem verið er að sauma.
Vélin saumar ekki?	Fullvissið ykkur um að allir tenglar séu rétt tengdir bæði í vél og vegg. Þrýsið spólaranum í saumastöðu.
Hnapparnir á vélinni bregðast ekki við snertingu?	Tenglar og aðgerðarhnappar á vélinni geta verið viðkvæmir fyrir stöðurafrægni. Ef hnapparnir bregðast ekki við snertingu, slökkvið þá á vélinni og kveikið á henni á ný. Ef það leysir ekki vandann, hafið þá samband við PFAFF® þjónustuna.

Vélin hleypur yfir spor	
Er nálin rétt sett í vélina?	Setjið nálina rétt í vélina - sjá bls. 18.
Er rétt nál í vélinni?	Notið eingöngu nálar af gerðinni 130/750 H.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina.
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Er réttur saumfótur á vélinni?	Notið réttan saumfót.
Er nálin of fín fyrir tvinnann?	Fullvissið ykkur um að nálin henti tvinnanum og efninu.

Yfirtvinninn slitnar	
Er nálin rétt sett í vélina?	Setjið nálina rétt í vélina - sjá bls. 18.
Er röng nálargerð í vélinni?	Notið eingöngu nálar af gerðinni 130/750 H.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina.
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Er nálin of fín fyrir tvinnann?	Skiptið og notið réttan grófleika fyrir tvinnann.
Er tvinninn af lélegum gæðum, þurr eða hnökróttur?	Skiptið og notið ávallt gæðatvinna.
Er rétt skífustærð á keflispinnanum?	Notið skífu af réttri stærð fyrir tvinnakeflið.
Er hentugasta staða á keflispinnanum notuð?	Reynið aðra stöðu (lárétta eða lóðrétta).
Er gatið á stingplötunni skemmt?	Skiptið um stingplötu.

Spólutvinninn slitnar	
Er spólan sett rétt í vélina?	Athugið undirtvinnann.
Er gatið á stingplötunni skemmt?	Skiptið um stingplötu.
Er svæðið í kring um gríparann hreint?	Hreinsið ló úr gríprasvæðinu.
Er rétt spólað á spóluna?	Spólið rétt á nýja spólu.

Sporin eru ójöfn	
Er tvinnaspennan rétt stillt?	Yfirfarið tvinnaspennuna og þræðinguna.
Er verið að nota of grófan eða lélegan tvinna?	Skiptið um tvinna.
Er rétt spólað á spóluna?	Yfirfarið spólunina.
Er rétt nál notuð?	Setjið rétta nál í vélina - sjá bls. 18.

Vélin flytur illa eða óreglulega	
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Hefur ló safnast saman á milli tannanna í flytjaranum?	Fjarlægið stingplötuna og hreinsið flytjarann með burstanum.

Of mikið álag er á aðalmótorinn	
Hefur tvinninn snúist eða festst í gríparasvæðinu eða flytjaranum?	Fjarlægið stingplötuna og hreinsið tvinnaafganga og ló úr grípara og flytjarasvæðinu. Þræðið bæði yfir og undirtvinnana á ný.

Við áskiljum okkur rétt til að framkvæma breytingar á útliti og eiginleikum þessarar vélar hvenær sem er og án fyrirvara.

Slíkar breytingar verða hins vegar eingöngu framkvæmdar þannig að þær komi notandanum til góða.

Eign á hugverki

PFAFF, PERFECTION STARTS HERE, PASSPORT og IDT (mynd) eru vörumerki í eign KSIN Luxembourg II, S.ar.l.



Vinsamlegast gætið að því að þegar þessari vél verður fargað verði það gert í samræmi við reglugerðir um förgun og endurvinnslu á rafmagns eða refeiðataækjum sem í gildi eru á þeim stað sem förgun á sér stað.

CE - Dreifingaraðili
VSM Group AB, **SVP Worldwide**
Drottningatan 2, SE-56184, Huskvarna, SWEDEN



www.pfaff.com